

## **Málefнасamningur um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Betri Fjallabyggðar fyrir kjörtímabilið 2018-2022**

Sjálfstæðisflokkurinn og Betri Fjallabyggð hafa stofnað til meirihlutasamstarfs fyrir kjörtímabilið 2018-2022. Framboðin eru sammála um að halda áfram þeirri vegferð sem lögð hefur verið upp með á síðasta kjörtímabili varðandi framkvæmdir og stefnumótun. Áhersla er lögð á að treysta innviði sveitarfélagsins, efla grunnþjónustu við íbúa, atvinnulíf, frístundir og menningu.

### **Meirihlutinn hefur komið sér saman um eftirfarandi verkaskiptingu:**

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks verður formaður bæjarráðs og fulltrúi Betri Fjallabyggðar verður forseti bæjarstjórnar.

Framboðin skipta með sér formennsku í nefndum sem hér segir:

#### **Sjálfstæðisflokkurinn í Fjallabyggð:**

Fræðslu-og frístundanevnd

Hafnarstjórn

Markaðs-og menningarnefnd

Öldungaráð

#### **Betri Fjallabyggð:**

Skipulags-og umhverfisnefnd

Stjórn Hornbrekku

Félagsmálanevnd

Nefndarstarf

Umfjöllun og ákvarðanir sem varða fjárútlát eða fjárhagsskuldbindingar, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, ber að taka fyrir í bæjarráði áður en fjallað er um málið í nefndum.

Gunnar I. Birgisson verður áfram bæjarstjóri Fjallabyggðar.

JB  
HM

## Stjórnsýsla

Stjórnsýsla Fjallabyggðar á að vera skilvirk og hagkvæm. Möguleikar íbúa til að fylgjast með og taka þátt í umræðu um málefni sveitarfélagsins verða auknir.

- Efla skilvirkni upplýsingaflæðis frá stjórnsýslu til íbúa og auka aðgengi þeirra að heimasíðu sveitarfélagsins eins og kostur er.
- Þýða helsta innihald heimasíðu yfir á ensku fyrir þá íbúa okkar sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.
- Unnið verði að því að efla íbúalýðræði í Fjallabyggð, m.a. með samráðsaðferðum.
- Bókhald sveitarfélagsins verði opnað eins og kostur er.
- Bæjarstjóri, deildarstjórar og eftir atvikum annað starfsfólk stjórnsýslunnar hafi fasta viðveru í Ólafsfirði í hverri viku.
- Bæjarfulltrúar bjóði upp á viðtalstíma.

## Fjármál

Stefnt er að því að sveitarfélagið haldi fjárhagslegum styrk sínum. Fjármálastjórn verði áfram ábyrg og álögum á íbúa stillt í hóf. Unnið verði að því koma á deilifyrirkomulagi við önnur sveitarfélög um samnýtingu á sérfræði- og fagaðilum.

- Fasteignaskattur verður lækkaður um 10% að lágmarki.
- Tekjuviðmið til afsláttar á fasteignaskatti fyrir öryrkja og eldri borgara verður hækkað.
- Leikskólagjöld verði með því lægsta sem gerist meðal sveitarfélaga af sambærilegri stærð.
- Systkinaafsláttur af vistunargjaldi leikskóla verður aukinn. Afsláttur fyrir annað barn verður hækkaður úr 30% í 50% og fyrir þriðja barn verður afsláttur hækkaður úr 70% í 100%.
- Frístundastyrkur til barna og unglinga verður hækkaður úr 30 þúsund í 40 þúsund.
- Niðurgreiðsla á skólamáltíðum til grunnskólanema verður aukin um 10%.
- Frítt verður í sund og líkamsrækt fyrir öryrkja og eldri borgara.

## Atvinnumál

Lögð er áhersla á að Fjallabyggð búi atvinnulífinu eins gott starfsumhverfi og kostur er. Sveitarfélagið leggi sitt að mörkum til þess að efla hvers konar nýsköpun í atvinnulífi ásamt því að efla og verja þá atvinnustarfsemi sem fyrir er.

- Vinna að því að það komi laxeldi í Eyjafjörð og styðja við áætlanir um fiskeldi á landi
- Hvetja til nýsköpunar og klasasamstarfs milli atvinnugreina í Fjallabyggð og nágrennabyggða s.s. með aðkomu að rafrænu auðlindatorgi.
- Unnið verði að því að gera einstaklingum kleift að vinna skapandi vinnu og störf án staðsetningar utan heimilis í Fjallabyggð.

- Hvetja opinberar stofnanir til þess að flytja verkefni, störf eða starfsemi í Fjallabyggð.
- Þrýsta á styrkingu raforkuflutnings til Fjallabyggðar, gegnum Eyjafjarðarsvæðið.

### Umhverfis- og skipulagsmál

Mörkuð verði sjálfbærni- og umhverfisstefna sveitarfélagsins og unnið að því að stofnanir, fasteignir og opin svæði verði til fyrirmyndar. Sveitarfélagið sýni gott fordæmi og hvetji þannig íbúa og fyrirtæki til þess huga vel að umhverfi sínu með tilliti til hreinsunar og fegrunar.

- Hafnarsvæðið í Ólafsfirði verði deiliskipulagt með tilliti til atvinnustarfsemi og gert snyrtilegt.
- Lóðir undir hagkvæmar íbúðir verði deiliskipulagðar á malarvelli á Siglufirði og norðan við Hús eldri borgara í Ólafsfirði.
- Hvatt verði til nýbygginga með því að fella niður gatnagerðagjöld við þegar uppbyggðar götur og veita greiðsludreifingu á gatnagerðagjaldi til fjögurra ára við götur þar sem gatnagerð er ólokið.
- Almenningsamgöngur verða eflar á milli byggðarkjarna á hagkvæman og skilvirkan hátt.
- Markvisst átak í hreinsun og fegrun opinna svæða.
- Lokið verði við fráveituframkvæmdir á árinu 2020.
- Unnið verði áfram að endurbótum og lagfæringum á götum og gangstéttum samkvæmt áætlun og í samstarfi við Vegagerðina þar sem við á.
- Unnið verði að endurbótum og gerð göngustíga í Fjallabyggð.
- Lokið verði við tjaldsvæði í báðum byggðarkjörnum.
- Lokið verði við breytingar á miðbæ Siglufjarðar í samstarfi við Vegagerðina og miðbæjarsvæði í Ólafsfirði skipulagt.
- Rekið verði niður þil á suðursvæði á Siglufirði með aðkomu Hafnarbótasjóðs.
- Skilgreina svæði fyrir geymslugáma.
- Viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins verði vel sinnt.
- Aðgengismál verða bætt í sveitarfélaginu.

### Fræðslumál, frístund og forvarnir

Í skólum Fjallabyggðar verður áfram rekið metnaðarfullt og framsækið starf samkvæmt gildandi fræðslustefnu. Stuðlað verður að öflugri skólaþróun og áframhaldandi samstarfi leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla sín á milli og við íþróttafélög og atvinnulíf.

- Lokið verður við endurbætur á grunn- og leikskólalóðum samkvæmt áætlun.

FF HH

- Frístund verður eflað enn frekar og stuðlað að samþættu skóla- og frístunda starfi fyrir 5-10 bekk í samstarfi við íþróttafélög.
- Félagsmiðstöðinni Neon verður fundið framtíðarhúsnæði og starfsemi eflað.
- Forvarnarstarf gegn áfengi og vímuefnum verður eflað með aukinni fræðslu.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verður innleiddur í þjónustu fyrir börn og unglinga.

### Íþróttir og tómstundir

Stutt verður við öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í Fjallabyggð og stuðlað að aukinni þátttöku með bættri umgjörð um íþróttastarf.

- Byggður verður gervigrasvöllur í Ólafsfirði, með lýsingu og bættri aðstöðu fyrir áhorfendur. Stefnt skal að því að völlurinn verði tekinn í notkun á árinu 2020.
- Lokið verður við endurbætur á Íþróttahúsinu á Siglufirði þannig að það verði aðgengilegt öllum og aðstaða bætt. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 2020.
- Hækka styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaganna Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF).

### Markaðs og menningarmál

Áfram verður stutt við fjölbreytt menningar- og listalíf ásamt áframhaldandi uppbyggingu safna í sveitarfélaginu.

- Lokið verður við menningarstefnu Fjallabyggðar.
- Fjallabyggð verður markaðssett sem vænlegur kostur til búsetu, atvinnu og afþreyingar.
- Starfsemi Menningarhússins Tjarnarborgar verður eflað, húsnæðið endurbætt frekar ásamt tækjabúnaði.
- Safnakort útbúið fyrir íbúa sveitarfélagsins.

### Velferðarmál

Fjallabyggð á að vera fjölskylduvænn bær, þar sem þjónusta tekur mið af þörfum einstaklinga hverju sinni. Sérstök áhersla verður lög á heimaþjónustu fyrir þá sem þess þurfa og öflugt og fjölbreytt félagsstarf fyrir eldri borgara og öryrkja.

- Áframhaldandi endurbætur og stefnumótun á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hornbrekku.
- Halda áfram með sameiningu minni íbúða í Skálarhlíð á Siglufirði.

JK TH

- Veita fötluðu fólki fjölbreytta og einstaklingsbundna þjónustu sem stuðlar að valdeflingu þeirra, sjálfstæði og þátttöku í samfélaginu.

Helga Helgadóttir  
F.h. Sjálfstæðisflokks

Betri Fjallabyggðar  
E.h. Betri Fjallabyggðar